

17.10.2011 Fundur með umhverfisnefnd- fulltrúum barna, foreldra og starfsfólks.

Umræður um hvað Grænfáninn væri og hvað við verðum að gera til þess að fá hann. Hvernig við getum passað upp á umhverfið og náttúruna.

- Fylgjast með hver er að henda rusli
- Tína upp rusl
- Henda ekki rusli
- Setja plast í endurvinnslu
- Safna pappír og endurnýta.

Heimsækja Sorpu í Gufunesi- búa til spurningar og spyrja um þar. Fá Orra Pál frá Landvernd í heimsókn. Búa til náttúrulistaverk og setja í fataklefan. Safna plastpokum heima, bæði börn starfsmenn og foreldrar.

Fundarritari Elín

06.01.2012 Fundur með fulltrúum barna, foreldra og starfsfólk

Við ræddum um hvað við gerum og getum gert til þess að vernda náttúruna og ganga vel um umhverfið

- Vera dugleg að tína upp rusl úti, fara með poka með okkur.
- Slökkva ljós í þeim herbergjum sem enginn er í og ekki vera að slökkva og kveikja að gamni okkar.
- Taka með poka að heiman sem við annars hendum og nýta hann í leikskólanum t.d. undir blaut föt.
- Við ræddum líka um af hverju það er nauðsynlegt að hugsa vel um umhverfið okkar og um að við getum verið fyrirmyndir.
- Við ætlum að fá fulltrúa frá Landvernd í heimsókn á næsta fund.

Fundarritari Elín